

MINNISBLAÐ

Dags.: 18.08.2025

Efni: Dælustöð Vatnsveitu Árborgar - 2302283

Málefni: Verðfyrirspurn

Minnisblað þetta varðar verðkönnun sem framkvæmd var af hálfu Svf. Árborg á tímabilinu frá 18. júlí til 11. ágúst 2025 með opnun tilboða þann dag. Minnisblað þetta er áætlað að lagt verði fram til kynningar á fundi eigna- og veitunefndar þann 26. ágúst nk.

Í verðkönnun þessari var óskað eftir verðtilboðum í verðkönnun í jarðvinnu vegna framkvæmda við „Dælustöð Vatnsveitu Árborgar“ við Suðurlandsveg/Biskupstungnaveg í samræmi við verðkönnunargögn sem útbúin voru af ráðgjafa verkkaupa Eflu hf í samstarfi við verkkaupa.

Verkið sem boðið var út í verðkönnuninni samanstendur af þeim hluta jarðvinnu vegna uppsteypu dæluhúss og felst í því að grafa fyrir nýrri dælustöð vatnsveitu Árborgar, fylla upp undir undirstöður hússins og leggja aðkomuveg að framvæmdasvæði. Einnig verður grafinn 100 metra langur framræsluskurður sem veita mun regnvatni í skurðarkerfi Árborgar á svæðinu.

Ákveðið var að bjóða fimm ábyrgum jarðvinnuverktökum að taka þátt í þessari verkönnun og sú ákvörðun var byggð á samráði starfsmanna innan mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar og Eflu hf, ráðgjafa verkkaupa í verkinu.

Þeir verktakar sem boðið var að gefa tilboð í verkið eru eftirtaldir:

- Borgarverk ehf
- Egill Guðjóns ehf
- Gröfutækni ehf
- Gröfubjónusta Steins ehf
- Smávélar ehf

Tilboð voru opnuð rafrænt í AjourTender og þrír verktakar sendu inn tilboð í verkið. Niðurstöðulisti var sendur á bjóðendur strax eftir opnun tilboða og endanleg staðfesting á niðurstöðu tilboða eftir yfirferð verkkaupa á tilboðunum.

Niðurstaða verðkönnunar:

Bjóðandi	Kr m vsk	%
Borgarverk ehf	13.626.600	76,6%
Egill Guðjóns ehf	14.610.000	82,2%
Gröfutækni ehf	10.275.000	57,8%
Kostnaðarmat verkkaupa	17.780.000	100%

Sigurður Ólafsson

Deildarstjóri framkvæmda- og tæknideildar